



Dagsetning: 24. febrúar 2023
Málsnúmer: 2210161/0.4.0

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Opinber heimsókn forsetahjónanna til Fjarðabyggðar 2023.

Síðast liðið haust var hafði verið unnið að undirbúningi að opinberri heimsókn forsetahjónanna, hr. Guðna Th. Jóhannessonar og Elizú Reid til Fjarðabyggðar og var sú heimsókn áætluð í nóvember 2022. Í samráði við forsetaembættið var þeirri heimsókn frestað og ákveðið að finna nýja dagsetningar á vordögum 2023. **Í samráði við embætti forseta Íslands hefur nú verið ákveðið að heimsóknin fari fram daganna 13. – 15. apríl.**

Drög að dagskrá voru unnin í haust í samráði við embættið, og borin undir forsetahjónin sem lýst vel á þau. Í dagskránni er lögð áhersla á að heimsækja alla byggðakjarna, og reyna að hafa dagskrána eins fjölbreytta og völ er á.

Nú þegar staðfesting liggur á dagsetningum heimsóknarinnar getur undirbúningur hafist af fullum krafti. Þar er ljóst að í mörg horn er að líta og vanda þarf vel til verka. Það er mín tillaga að forstöðumaður stjórnslu- og upplýsingamála ásamt upplýsingafulltrúa að hafa yfirumsjón með undirbúningi og framkvæmd heimsóknarinnar í. Þeir munu síðan hafa samráð við aðra starfsmenn og stofnanir Fjarðabyggðar eftir þörfum, en ljóst er að undirbúningurinn snertir marga fleti í rekstri sveitarfélagsins og margir sem munu komu þar að.

Þórður Vilberg Guðmundsson

forstöðumaður stjórnslu- og upplýsingamála

